

Menningar,- íþrótt- og tómstundaráð Reykjanessbæjar (MÍT), hér eftir nefnt verkkaupi og Ungmennafélag Njarðvíkur, hér eftir nefnt verksali gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um rekstur knattspyrnskóla í Reykjanessbæ sumarið 2006.

1. grein:

Markmið skólans er að kynna börnum undirstöðuatriði í knattspyrnu og helstu reglur, rétta líkamsbeitingu og þjálfunaræfingar. Leggja skal áherslu á íþróttamannslega framkomu og að efla jafnframt félagslegan þroska þátttakenda. Eftirlitsaðili með samningi þessum er skrifstofa MÍT sviðs. Verksali skilar skýrslu til hennar að loknum námskeiðunum um framkvæmd námskeiðanna og þátttöku í þeim í síðasta lagi **15. september 2006.**

2. grein:

Verksali tekur að sér að reka knattspyrnskóla fyrir verkkaupa á tímabilinu júní - ágúst 2006. Hver leiðbeinandi skal ekki hafa fleiri en 25 nemendur í senn. Æskilegt er, að á meðal leiðbeinenda verði menntaður íþróttakennari eða aðili með sambærilega menntun.

3. grein:

Verksali greiðir ekki fyrir afnot af íþróttamannvirkjum og hefur afnot af íþróttááhöldum í samráði við forstöðumenn íþróttamannvirkja. Afnot af þeim íþróttasvæðum sem eru í umsjón knattspyrnudeildar skulu vera í samráði við eftirlitsaðila. Allan annan kostnað við námskeiðin greiðir verksali. Aðstoð til verksala á vegum Vinnuskóla Reykjanessbæjar skal gjaldfærð sem styrkur til verksala. Öll slík aðstoð skal vera í fullu samráði við umsjónarmann Vinnuskóla.

4. grein:

Verksali innheimtir og hirðir öll þátttökugjöld.

5. grein:

Fyrir samning þennan greiðir verkkaupi kr. **200.000.-** (tvö hundruð þúsund krónur). Greiðslufyrirkomulag skal vera í samráði við fjármálastjóra bæjarins og áður en lokagreiðsla fer fram, skal verksali vera skuldlaus við bæjarsjóð.

6. grein:

Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

7. grein:

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Gjört í Reykjanessbæ _____ 2006

f.h. MÍT

f.h. UMFN